



Skipulags- og byggingarnefnd

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar miðvikudaginn 2. nóvember 2005 kl. 17,00 á bæjarskrifstofu. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Erindi frá Ámundakinn, dags 17. október 2005.
Jóhannes Torfason fyrir hönd Ámundakinnar ehf. sækir um leyfi til að hefja framkvæmdir við nýbyggingu félagsins á Efstubraut 2, Blönduósi. Um er að ræða 1320 m² verksmiðju- og verkstæðishús sem byggt verður á hluta af grunni húss sem brann sl. haust. Byggingin verður í samræmi við meðfylgjandi teikningar.

Fram lagðar teikningar frá Verkfræðistofunni Stoð ehf. nr. A101, A102 og A103 útgefnar 26. október 2005.

Fyrir lágu athugasemdir frá heilbrigðiseftirliti og vinnueftirliti. Teikning er lagfærð í samræmi við athugasemd vinnueftirlitsins dags. 24.10.2005.

Varðandi athugasemdir heilbrigðiseftirlits dags. 18.10.2005 verður tekið tillit til þeirra við nánari útfærslu.

Erindi samþykkt

2. Erindi frá Kráki ehf. dags. 1. nóvember 2005.
Lárus B. Jónsson sækir um f.h. Kráks ehf. leyfi fyrir viðbyggingu við verslunarhúsnæði að Húnabraut 4, Blönduósi, eins og meðf. gögn sýna frá Verkfræðistofunni Stoð á Sauðárkróki

Fram lagðar teikningar nr. A101 og A102 útg. 1. nóv. 2005.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið en beinir því til umsækjanda að ganga frá hurð á milli nýbyggingar og núverandi geymslurýmis í samráði við slökkviliðsstjóra.

3. Önnur mál.
Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið.

Anna Margrét Jónsdóttir

Jón Sigurðsson
Ágúst Sigurðsson
Gauti Jónsson
Jakob Þór Guðmundsson
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri
Eyjólfur Þór Þórarinsson, byggingarfulltrúi